

# VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnuáalastofnunar – maí 2023

## Skráð atvinnuleysi í maí var 3,0%

Skráð atvinnuleysi í maí var 3,0% og minnkaði úr 3,3% í apríl. Í maí 2022 var atvinnuleysið hins vegar 3,9%.

Að meðaltali var 6.041 atvinnulaus í maí, 3.332 karlar og 2.709 konur. Að meðaltali fækkaði atvinnulausum um 304 frá apríl.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í maí eða 4,1% og minnkaði úr 4,6% í apríl. Hins vegar var atvinnuleysið þar 6,6% í maí 2022.

Næst mest var atvinnuleysið 3,4% á höfuðborgarsvæðinu og minnkaði úr 3,6% í apríl. Hins vegar var atvinnuleysi þar 4,2% í maí 2022.

Alls komu inn 475 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnuáalastofnun í maí.

Í maí 2023 gaf Vinnuáalastofnun út 252 atvinnuleysi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 204 á höfuðborgarsvæðinu.


Samkvæmt skráningu til Vinnuáalastofnunar var 41 erlent þjónustufyrirtæki starfandi í maí 2023 með samtals 239 starfsmenn.

Alls voru 3.029 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok maí og fækkaði um 99 frá apríl.

Í maí voru 238 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 7 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk.

Vinnuáalastofnun spáir því að atvinnuleysi muni áfram minnka í júní og gæti orðið á bilinu 2,7% til 2,9%.

Þróun atvinnuleysis maí 2021 til maí 2023




## Atvinnuástand eftir landshlutum

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í maí eða 4,1% og minnkaði úr 4,6% í apríl. Hins vegar var atvinnuleysið á Suðurnesjum 6,6% í maí 2022. Næst mest var atvinnuleysið 3,4% á höfuðborgarsvæðinu í maí og minnkaði úr 3,6% í apríl. Atvinnuleysi var 2,5% á landsbyggðinni í maí og minnkaði úr 2,8% í apríl. Á flestum stöðum á landsbyggðinni minnkaði atvinnuleysið frá apríl nema á Vesturlandi þar sem það stóð í stað.

Minnst var atvinnuleysi á Norðurlandi vestra 1,0%, á Austurlandi 1,5% og 1,8% á Vesturlandi.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í apríl og maí.


Atvinnuleysi eftir landshlutum



Atvinnuleysi er lægra meðal kvenna en karla á einu svæði, það er á höfuðborgarsvæðinu þar sem atvinnuleysi karla var 3,4% og 3,3% meðal kvenna.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í maí.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



## Greining atvinnuleysis

# Greining þeirra sem voru atvinnulaus í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 6.273 í lok maí, 3.392 karlar og 2.881 kona og fækkaði atvinnulausum körlum um 182 frá apríllokum en atvinnulausum konum fækkaði um 136.

Alls voru 569 atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok maí og fækkaði um 78 frá apríl. Í maí 2022 var fjöldi atvinnulausra á þessum aldri hins vegar 643.

Alls höfðu 1.465 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok maí 2023 eða um 23% allra á atvinnuleysisrá og fækkaði um 87 frá apríl. Í maí 2022 var fjöldi þeirra hins vegar 2.714 og nemur fækkunin 1.249 milli ára.

Þeir sem höfðu verið atvinnulausir í 6-12 mánuði voru hins vegar 1.452 í maí síðastliðnum en 1.722 í maí 2022.

## Atvinnugreinar


Atvinnulausum í lok maí fækkaði í ýmsum atvinnugreinum frá lokum apríl en einnig fjölgaði í nokkrum atvinnugreinum.

Mest var fækkun atvinnulausra í ferðapjónustu, þ.e. farþegaflutningum, gistiþjónustu og ýmissi ferðapjónustu. Þannig nam fækkun atvinnulausra í gistiþjónustu um 16% og í farþegaflutningum með flugi svo og í ýmsri ferðapjónustu var fækkunin hlutfallslega svipuð. Einnig fækkaði atvinnuleitendum nokkuð í byggingariðnaði eða um 8% þ.e. um 47.

Fjölgun atvinnulausra var hins vegar í sjávarútvegi (veiðum, vinnslu/eldi) eða um 34 atvinnuleitendur en hefur fækkað lítillega frá maí í fyrra.


### Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 3.029 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok maí og fækkaði um 99 frá apríl. Þessi fjöldi samsvarar um 6,3% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá var um 48% í lok maí.



Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 1.382 sem er um 46% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst koma Litháar, Rúmenar og Lettar.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok maí 2023




## Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

### Atvinnuleyfi

Í maí 2023 gaf Vinnumálastofnun út 252 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 204 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 119 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 133 leyfi voru framlengd.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í maí, hvort sem var nýtt eða framlengt, fengu leyfi vegna sérfræðiþekkingar eða 90 leyfi. Þá voru gefin út 54 leyfi vegna fjölskyldusameiningar og 45 leyfi vegna skorts á vinnuafli. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í maí voru flest leyfi gefin út vegna starfa stjórnenda, sérfræðinga og sérmenntaðra eða 36%, 23% vegna þjónustustarfa og 22% vegna starfa iðnverkafólks. Um 19% var í öðrum starfsgreinum.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í maí 2023



## Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar var 41 erlent þjónustufyrirtæki starfandi í maí 2023 með samtals 239 starfsmenn.


Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 651 í maí á vegum 22 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 50%, 22% frá Litháen og 15% frá Lettlandi. Þeir sem eftir standa eða um 10% starfsmanna komu frá 12 öðrum ríkjum.

## Atvinnuleit og vinnumiðlun

# Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjá mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í maí 2023 voru gefin út 90 slík vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 64 einstaklingar, sex fóru til Lettland og fjórir fóru til bæði Litháen og Rúmeníu. Þá voru gefin út 12 vottorð til viðbótar til sjö annarra ríkja.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, maí 2023




## Vinnumiðlun

# Auglýst störf í vinnumiðlun í maí

Alls komu inn 475 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í maí. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða um 230 störf, önnur teljast almenn störf. Um það bil 34% starfanna eru á höfuðborgarsvæðinu, 27% eru á Suðurlandi og 17% á Norðurlandi eystra. Þá eru 21% annarsstaðar á landinu.

Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í maí 2023



# Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í þjálfun og nýsköpun og fara af skrá í allt að sex mánuði á meðan á úrræðinu stendur. Í maí voru 238 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og 7 einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk, flestir á höfuðborgarsvæðinu eða 261 einstaklingur.

## Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

**Mælaborðið** sýnir atvinnuleysistölugr úr frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

**Excelskjöl** með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

**Pdf skjöl** fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

**Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi** og aðrar forsendur fyrir tölum Vinnuálastofnunar um atvinnuleysi og fjölda atvinnulausra